



Laun opinberra starfsmanna hækkað meira en á almenna markaðnum

Einstök launa- og kaupmáttarþróun

Launa- og kaupmáttarþróun á síðasta ári var launþegum almennt verulega hagstæð og má segja að mestöllum umræða í kringum nýgerða kjarasamninga hafi verið töluvert á skjön við þá staðreynd. Þá hafa laun opinberra starfsmanna hækkað meira en á almennum markaði sem passar heldur ekki sérlega vel við umræðuna.

6,9% kaupmáttaraukning á einu ári

Regluleg laun landsmanna voru að jafnaði 1,2% hærri á fyrsta ársfjórðungi 2015 en á ársfjórðungnum þar á undan. Meðalhækkunin frá 1. ársfjórðungi 2014, þ.e. hækkun á einu ári, var 5,9% sem gaf að meðaltali 5,8% kaupmáttaraukningu á því tímabili.


Launahækkunin var minnst á almenna vinnumarkaðnum eða 4,6%. Hækkunin hjá opinberum starfsmönnum var rúmlega tvöfalt meiri eða 9,4%. Þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 7,4% og laun starfsmanna sveitarfélaga um 11,6% og kaupmáttur þeirra jókst um 11,4% á tímabilinu.

Sé litið á þessa þróun yfir lengri tíma, t.d. frá 1. ársfjórðungi 2011, þ.e. áður en næst síðustu kjarasamningar voru gerðir, kemur sama mynd í ljós. Almenni markaðurinn hefur hækkað minnst á þessum tíma þótt munurinn sé minni.

Töluverður munur á starfsstéttum


Sé litið á launahækkanir starfsstétta frá 1. ársfjórðungi 2011 sést að munurinn á milli þeirra er töluverður. Skrifstofufólk hefur hækkað mest og iðnaðarmenn minnst. Aftur á móti hækkuðu tæknar og sérmenntað fólk mest á tímabilinu frá 1. ársfjórðungi 2014 til sama tíma 2015. Aftur hækkuðu iðnaðarmenn minnst. Stjórnendur hækkuðu svo næstminnst á báðum tímabilunum. Það virðist því nokkuð ljóst að laun stjórnenda og iðnaðarmann hafa hækka minna en annarra starfsstétta á síðustu misserum.

Launahækkunir á tveimur tímabilum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun hópa á vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun starfsstétta á tveimur tímabilum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mismunandi breytingar innan atvinnugreina

Mælingar fyrir atvinnugreinar byggja á öllum starfsmönnum innan viðkomandi greinar, þannig starfa bæði iðnaðar- verka- og verslunarfólk í verslun og viðgerðajónustu þótt verslunarfólk sé væntanlega fjölmennast.

Sé litið á þróunina frá 1. ársfjórðungi 2011 hafa laun hækkað mest í fjármálaþjónustu og samgöngum og flutningum og minnst í iðnaði.

Árshækkun frá fyrsta ársfjórðungi 2014 var mest í samgöngum um 7,1% en minnst í iðnaði um 3,4%.


Samanlagt má því segja að laun hafi hækkað mest í samgöngum og flutningum og fjármálaþjónustu síðustu misseri og minnst í iðnaði.

Staðreyndir eða umræða á tilfinningalegum nótum

Þessar tölur sýna góða mynd af því hvernig launin hafa breyst innan hópa á vinnumarkaði, starfstétta og atvinnugreina. Þetta eru því staðreyndir um meðalþróun innan þessara hópa. Auðvitað geta svo fundist undirhópar sem ekki passa við meðaltalið eins og alltaf gerist og einnig skiptir oft máli hvaða punkta í tíma er miðað við, hægt er að búa til mismunandi myndir og samanburði með hentugu vali á punktum.


Aðilar á vinnumarkaði gáfu út rit í aðdraganda kjarasamninga þar sem hinir ýmsu hópar voru bornir saman. Meginniðurstaðan var að þeir höfðu að mestu leyti þróast eins á síðustu árum. Engu að síður hafa mestallar viðræður um kjarasamninga nú snúist um samanburð hinna ýmsu hópa við aðra á vinnumarkaði. Slíkt getur auðveldlega leitt til launabreytinga sem ekki ná að skapa ásættanlega kaupmáttarþróun.

Launahækkun innan atvinnugreina á tveimur tímabilum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launapróun innan atvinnugreina



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.